



Byggðastofnun

Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 138/10S6
komudagur 1.2.2010

Dagsetning
01.02. 2010

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ, mál 320.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar. Umsögn byggir á frumvarpi og fylgigögnum sem lögð hafa verið fyrir Alþingi og umræðum á þingi um frumvarpið í desember 2009.

Frumvarpið felur í sér heimild til að gera sérstakan samning um að tilgreindir aðilar fái heimild til að reisa og reka gagnaver í Reykjanesbæ. Gagnaverið mun skapa umtalsverðan fjölda starfa bæði á byggingartíma og síðar á rekstrartíma, á svæði sem hefur glímt við verulegt atvinnuleysi að undanfögnu. Ýmsir staðarkostir eru reksti gagnavera hagstæðir héraendis og má þar nefna vistvæna orku, svalt loftslag, gott aðgengi að kælivatn, staðsetningu landsins, nægjanlegt landrými og góða almenna menntun þjóðarinnar. Þessi skilyrði eru fyrir hendi víðs vegar um land og því gæti starfsemi gagnavera skapað aukna fjölbreytni í störfum víðar á landinu, ef reksturinn reynist hagkvæmur og fleiri gagnaver verða reist. Einnig má nefna að rekstur gagnavera er ekki mengandi starfsemi.

Byggðastofnun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á próunarsviði Byggðastofnunar

Alþingi
Erindi nr. P 138/1047
komudagur 1.2. 2010

Félag um stafrænt frelsi á Ísland
<http://www.fsf.is/>

1. febrúar, 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Félag um stafrænt frelsi á Íslandi (FSFÍ) hefur fengið sent til umsagnar frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ (320. þingmál). FSFÍ tekur ekki afstöðu til efnis frumvarpsins eins og það lýtur að fjárhagslegum forsendum framkvæmdar við uppbyggingu gagnavers í Reykjanesbæ. Í tilefni af fyrirhugaðri framkvæmd vill félagið þó koma eftirfarandi sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina:

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að gagnaversþjónusta sé ört vaxandi atvinnugrein á hnattrænum markaði. FSFÍ tekur undir þetta sjónarmið. Að mati félagsins felast mikil tækifæri fyrir Ísland í uppbyggingu gagnversþjónustu. Landið er vel staðsett landfræðilega milli Evrópu og Ameríku. Það býr yfir ríkulegum og vistvænum orkuauðlindum og menntunarstig íslensku þjóðarinnar er hátt. Íslendingar hafa jafnan skipað sér í fremstu röð þegar kemur að nýtingu upplýsingatækni. Ísland ætti því að vera ákjósanlegur kostur þegar kemur að hýsingu og rekstri stórra gagnavera.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er nauðsynlegt að búa gagnaversþjónustu hér á landi viðunandi lagalegt umhverfi til að atvinnugreinin verði samkeppnishæf. Þeir náttúrulegu kostir sem Ísland býr yfir á þessu sviði duga ekki einir og sér. Í frumvarpinu er fyrst og fremst fjallað um það skattaumhverfi sem nauðsynlegt er talið að búa fjárfestum meðan á uppbyggingu gagnavers í Reykjanesbæ stendur. FSFÍ vill hins vegar beina sjónum lengra fram á veginn og huga að því lagalega umhverfi sem nauðsynlegt er til að gera íslensk gagnaver, þegar þau hafa verið reist, að ákjósanlegum kosti á hnattrænum markaði.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að viðskiptavinir gagnavera á borð við það sem fyrirhugað er að reisa í Reykjanesbæ eru m.a. stórnotendur tölvukerfa "á sviði fjármálaþjónustu, netmiðlunar og fjölmiðla, lífvísinda og genatækni, olíu- og gasfélög, auk mennta- og rannsóknastofnana á sviði afkastamikillar reiknitækni."Ljóst er að slíkir viðskiptavinir munu ekki kjósa að hýsa gögn sín, sem í mörgum tilvikum verða verðmætasta eign þeirra, í íslenskum gagnaverum

nema ljóst sé fyrirfram að þeim verði tryggð fullnægjandi vernd með lögum.

Eins og áður segir er gagnaversþjónusta veitt á hnattrænum markaði. Samkeppnishæfni fyrirtækja á þessum markaði felst ekki síst í því lagalega umhverfi sem stafrænum gögnum er búið í lögum þess ríkis þar sem verin eru starfrækt. Þeim mun ríkari verndar sem þessi gögn njóta að lögum viðkomandi ríkis þeim mun samkeppnishæfari verða þau fyrirtæki á sviði gagnaversþjónustu sem þar starfa. Í þessu sambandi má m.a. nefna Svíþjóð þar sem hagstætt lagaumhverfi hefur skapað forsendur fyrir öflugri atvinnugrein á sviði gagnahýsingar.

FSFÍ telur að nauðsynlegt sé að huga strax að því lagalega umhverfi sem gera muni íslensk gagna-
ver samkeppnishæf þegar þau hafa verið reist. Félagið mælist til þess að Alþingi feli stjórnvöldum
að skoða hvernig best megi standa að því að búa gagnaversrekstri viðunandi lagalegt umhverfi á
Íslandi svo unnt verði að byggja hér upp öfluga og vistvæna atvinnugrein á sviði upplýsingatækni.

Virðingarfyllst, f.h. FSFÍ,



Flóki Ásgeirsson

Reykjavík
2. febrúar 2010

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1063
komudagur 2.2.2010

Varðandi:

Iðnaðarnefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ, 320. mál.

Umsögn frá:

Guðmundi Ragnari Guðmundssyni
ragnar@this.is
GSM 843 9553

Ég þakka fyrir að vera boðið að skoða þetta frumvarp.

Ég er einn af frumkvöðlunum að Internetvæðingunni og hef starfað við Internet tengda starfsemi u.þ.b. 20 ár. Það er mér erfiitt að koma á framfæri þekkingu minni og reynslu í skriflegri umsögn og fer því þess á leit við Iðnaðarnefnd að verða kallaður fyrir nefndina til að geta skýrt mál mitt nánar og svarað spurningum.

Formáli:

Við Íslendingar vorum fljót að tileinka okkur Internet tæknina sem neytendur. Nokkur netfyrirtæki hafa orðið til en umhverfi þeirra hefur verið afar óhagstætt.

Á þessu sviði eru ótal tækifæri og einmitt núna mætti hugsa sér að skapa það umhverfi að frumleg græn fyrirtæki gætu fundið sér farveg.

Það var mér því sönn ánægja að fréttu að það ætti eitthvað að gera til að styðja uppbyggingu og framþróun nettengdrar atvinnustarfsemi.

Þessi ánægja var því miður á misskilningi byggð.

Við lestur frumvarpsins og fylgisskjala þess kemur fljótlega í ljós að hér er á ferðinni tilraun til að selja rafmagn í heildsölu til erlendra aðila án innleन्द्रar verðmætasköpunar.

Í ljósi þess hversu fá störf skapast miðað við það mikla rafmagn sem fer í að knýja verkefnið er vonandi að rafmagnsverðið verði ásættanlegt því lífllí annar hagur verður af þessari starfsemi.

Umfjöllun:

Í fylgiskjöllum eru hæpnar staðhæfingar og vangaveltur sem eiga alls ekki heima í faglegru úttekt á því hvernig eigi að ráðstafa svo miklum hluta af nýtanlegri orku landsins. Ég get ekki skilið hvers hagur það er að túlka ástand mála með þessum hætti.

Dæmi 1:

Fylgiskjal I. - Lýsing á fyrirhuguðu gagnaveri í Reykjanesbæ.

Gagnaver og Ísland

"Grunnkerfi landsins á sviði orku og fjarskipta eru óvenjusterk og traust"

Umsögn:

Þessi mikilvæga grunn staðhæfing verður að teljast röng. Tengingar okkar við um heiminn eru hvorki sterkar né traustar. Það er því full ástæða að ætla að notkun orðsins "óvenjusterk" í þessu sambandi sé óvenju óviðeigandi.

Dæmi 2:

Fylgiskjal I. - Lýsing á fyrirhuguðu gagnaveri í Reykjanesbæ.

Gagnaver og Ísland

"Nýleg viðbót tveggja nýrra sæstrengja með mikla bandbreidd, Danice og Greenland Connect, veitir landinu gnægð gagnaflutningsgetu með fjölbreyttum varaleiðum."

Umsögn:

Ef aðilar eru að nota mikla gagnaflutningsgetu þá eru aðeins þrjár leiðir út úr landinu og fá (eitt ?) fyrirtæki sem veita þjónustu. Varaleiðirnar geta þá varla talist fjölbreyttar.

Dæmi 3:

Fylgiskjal I. - Lýsing á fyrirhuguðu gagnaveri í Reykjanesbæ.

Gagnaver og Ísland

Yfirveguð nálgun að nýsköpun og fjölbreytni

"Öflug grunngerð fjarskipta leiðir til uppbyggingar gagnavera sem aftur hefur í för með sér eflingu fjarskiptaþjónustu, upplýsingatæknigeiranum, viðskiptalífi og almenningi til ábata. Á Íslandi hefur grunnur þegar verið lagður að slíku ferli í grunnvirkjum landsins með lagningu Danice og Greenland Connect sæstrengjanna"

Umsögn: Þetta loforð hefur ekki ræst síðustu 20 árin. Verð á tengingum okkar við umheiminn er u.þ.b. tífalt miðað við aðra umferð yfir Atlantshafið. Við erum eftirá með gæði tenginga og verðlag. Sá samningur sem gagnaversfélögin gerðu um aðgang að sæstrengjunum kemur ekki til með að skila sér í verðlækkun til annarra fyrirtækja eða einstaklinga.

Dæmi 4:

Fylgiskjal IX.

2.5.2 Fjarskipti

"Uppbygging og þróun sæstrengja, bandvídd þeirra, og vöxtur gagnavera eru að miklu leyti háð hvoru öðru. Með aðkomu fyrirtækja eins og gagnavera er líklegt að tenging og bandvídd tenginga Íslands við önnur lönd muni aukast. Slík þróun mun hafa jákvæð áhrif á fyrirtæki í öðrum geirum og laða að fleiri fyrirtæki sem gera kröfur um bandvídd og áreiðanlegar tengingar."


Umsögn: Hér er verið að viðurkenna að þörfina fyrir meiri tengingar / fleiri sæstrengi. Það er mjög af hinu góða að hafa marga sæstrengi. Ef þeir væru í eigu mismunandi aðila eða með einhverjum öðrum hætti hægt að tryggja eðlilegan aðgang íslenskra aðila að þeim væri það atvinnulífinu til mikilla hagsbóta.

Dæmi 5:

Fylgiskjal IX.

2.5.2 Fjarskipti

Mynd 2.16 Sæstrengir (sem tengja okkur við útlönd)



Umsögn:

Að hafa CANTAT-3 á mynd 2.16 - yfirlitskortu yfir tengingar við landið er fullkomlega óviðeigandi og gefur alranga mynd. Með því að hafa hann á myndinni lítur svo út að við höfum tvær tengingar til Ameríku og þrjár til Evrópu. Það er alls ekki rétt. CANTAT-3 gefur ekki verið raunhæf varaleið enda burðargeta hans ekki nema um 1% af Farice, 0.1% af Danice eða 0.25% af GreenlandConnect. Ég hef til gamans búið til mynd þar sem Cantat hefur verið fjarlægður sem gefur raunsannari mynd.

Dæmi 6:

Fylgiskjal IX.

3.1.7 Opinber þjónusta og innviðir

Menntun

"Tilkoma gagnaversins mun ekki hafa bein áhrif á menntun á Suðurnesjum en mun þó auka framboð á tækni- og verkfræðistörfum. Gagnaverið mun því hafa hvetjandi áhrif á tæknimenntun á Suðurnesjum og skapar tækifæri fyrir Keili að auka áherslu á slíka menntun."

Umsögn:

Þetta er mjög langsótt og getur hæglega talist rangfærsla eða blekking. Í fylgiskjöllum kemur ekki fram hverskonar störf verða í gagnaverinu þó líklegt sé að rekstraraðili þess hafi gert einhverjar áætlanir um það. Allavegana er "Gert er ráð fyrir um 100" störfum. Líkur má leiða að því að stór hluti verði einhverskonar eftirlitsstörf sem krefjast lítið meira en að skilja einfaldar leiðbeiningar á ensku. Svo verða öryggiverðir, starfsfólk í eldhúsi og skrifstofu. hluti starfseminnar verður að opna pappakassa með tölvum frá útlöndum og skrífa innihaldi uppí þartilgerða rekka og eða losa búnað úr rekkum og setja í pappakassa til sendingar til útlanda. Ef þetta teljast tæknistörf þá hefur orðið tækni fengið nýja merkingu.

Dæmi 7:

Fylgiskjal IX.

3.3 Áhrif á aðrar atvinnugreinar

Klasamyndun á Suðurnesjum

Umsögn:

Það er varla hlutverk fylgiskjals IX að uppfræða lónaðarnefnd, þingmenn eða aðra um mikilvæg hugtök úr heimi viðskiptana. Það leiðir þó hugann að einu grundvallaratriði þessa máls. Hér er ekki um að ræða fræðasetur á heimsmælikvarða heldur tækjaskemmu sem hefur það samkeppnisfor- skot að fá ódýrt rafmagn og skattaafslátt.

Dæmi 8:

Fylgiskjal IX.

Nokkrir gullmolar:

- Verkefnið er fjármagnað erlendis frá og felur því í sér beina erlenda fjárfestingu (eigandinn er útlendingur?).
- Til að stuðla að efnahagslegum bata á Íslandi er mikilvægt að auka fjárfestingu erlendra aðila hérlendis (viðhorf).
- Starfsemi Verne er því vel í takt við þessa stefnu þar sem gagnaverið er umhverfisvænt, orkufrekt og mun nýta sér fjarskiptatækni í miklum mæli. (hvernig er hægt að vera umhverfisvænt og orku- frekt á sama tíma ??).
- Yfir 40% kvenna eru á barnaeignaraldri (fylgiskjal 9 er fullt af óþarfa upplýsingum og óróksuddum vangaveltum).
- Hagvöxtur landsins hefur verið um 5,5% að meðaltali frá 2003 til 2008.
- Netþjónanýting er sjaldan betri en 6% og plássnýting getur verið alveg niður í 50%.
- Upplýsingatæknifyrirtæki ættu að geta selt þjónustu sína til viðskiptavina Verne
- Verne gerir ráð fyrir að þurfa að ráða um 100 starfsmenn.

Umsögn um fylgiskjal 9 í heild sinni:

Fylgiskjal 9 er illa skrifað áróðurplagg, fullt af óþarfa upplýsingum og viðhorfum sem fæst gætu talist græn. Því tekst að fjalla um hitt og þetta án þess að vera skýrt eða afgerandi varðandi mikil- væg atriðin. T.d. kemur ekki fram hvaða fyrirtæki selji aðgang að ljósleiðara sæstrengjum til útlanda eða hvaða störf verði í boði. Hvergi kemur fram hvað borgað verði fyrir rafmagn eða nettengingu hjá Farlce.

Viðbótar umsögn:

Höfundar fylgiskjala virðast ekki hafa viðunandi þekkingu á málefninu. T.d. er umhugsunarvert hvort höfundar Fylgiskjals 1 viti hvernig kaupin gerist á eyrinni í hýsingarbransanum.

Bestu hýsingaraðilar og væntanlegir samkeppnisaðilar okkar tengjast allf 9 mismunandi ljósleðurum frá 9 aðskildum aðilum til að hafa alvöru rekstraröryggi. Við sem höfum svona lélega tengingu við umheiminn komum til með að gjalda fyrir það með lágu rafmagnsverði.

Niðurstaða:

Helstu fylgiskjöl laganna eru ófagleg, áróðurskennd og ósönn.

Gagnaver í Reykjanesbæ kemur ekki til með að skila íslensku samfélagi öðru en því sem það greiðir fyrir raforku, laun, í skatta og önnur gjöld.

Þessi fyrirhugaða lagasetning er óeðlileg fyrirgreiðsla til handa einu erlendu fyrirtæki. Nær væri að skapa íslenskum upplýsingatæknifyrirtækjum viðunandi rekstrarumhverfi.

Guðmundur Ragnar Guðmundsson (ragnar@this.is)



Hagstofa Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 138/940
komudagur 20.1.2010

19. janúar 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ, 320. mál.

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur leitað umsagnar Hagstofu Íslands um frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ, 320 mál.

Hagstofan álitur að efni frumvarpsins tengist ekki verksviði hennar á beinan hátt og umsögn um það sé því ekki á færi hennar.

Virðingarfyllst

Ólafur Hjálmarsson
hagstofustjóri

Minnisblað

Til: Iðnaðarnefndar

Frá: Iðnaðarráðuneytinu

Efni: Svör við spurningum frá iðnaðarnefnd, settar fram á fundi nefndarinnar 18. desember, vegna frumvarps til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ.

1. Eigendalisti Teha Investments, General Catalyst Partners og Novator.

Teha Investments er dótturfélag Teha Holdings sem er dótturfélag General Catalyst Partners.

General Catalyst Partners var stofnað árið 2000 og er bandarískt áhættufjárfestingar fyrirtæki (*venture capital and private equity firm*) með um 2 milljarða bandaríkjadala í stýringu. Félagið fjárfestir í frumkvöðlaverkefnum á sviði hátækni og nýsköpunar. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Cambridge, Massachusetts.

Eigendur General Catalyst Partners eru 24 bandarískir einstaklingar sem eru þekktir fjárfestar á sviði nýsköpunar og hátækni. Þessi einstaklingar eru eftirfarandi: George Bell, Larry Bohn, Jim Cash, Joel Cutler, Michelle Daubar, David Fialkow, Bill Fitzgerald, Gautam Gupta, Brad Hoover, Chris Hughes, Terry Jones, Isaac Kato, Gabe Ling, Frank Maher, David Orfao, Naimish Patel, Neil Sequeira, Brian Shortsleeve, John Simon, Hemant Taneja, Matt Tara, Kevin Wang, Ben Wu og Bilal Zuberi.

Stjórn General Catalyst Partners er skipuð eftirfarandi: George Bell, Larry Bohn, Joel Cutler, David Fialkow, Bill Fitzgerald, David Orfao, Neil Sequeira, John Simon og Hemant Taneja.

Heimild: <http://www.generalcatalyst.com>.

Novator er alþjóðlegt fjárfestingarfélag í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar.

Heimild: <http://www.novator.co.uk>

2. Markaðshlutdeild Verne

Áætluð markaðshlutdeild Verne í gagnaversiðnaði, að fullbúnu gagnaveri félagsins í Reykjanesbæ árið 2016, er áætluð að hámarki 1,5% af Evrópumarkaði og 0,5% af heimsmarkaði.

3. Aðkoma Farice og eignarhald á Eignarhaldsfélaginu Farice ehf og Farice hf

Samningur Verne Holdings ehf. við Eignarhaldsfélagið Farice ehf um fjarskiptabjónustu var undirritaður í febrúar 2008. Samningur þessi er að verulegu leyti forsenda þess hvernig DANICE sæstrengurinn var hannaður og lagður og eru tekjur af gagnaveri Verne stór þáttur í framtíð E-Farice.

Farice hf var stofnað í september 2002 í þeim tilgangi að undirbúa og reka sæstrenginn FARICE-1. FARICE-1 er sæstrengur sem tekinn var í notkun í janúar 2004 og tengir saman Ísland, Færeyjar og Skotland; flutningsgeta strengsins er 720 Gbit/s.. DANICE er sæstrengur sem tekinn var í notkun í ágúst 2009 og liggur milli Íslands og Danmerkur. Sæstrengur þessi var m.a. lagður með það í huga styðja við rekstur gagnavera á Íslandi, flutningsgeta strengsins er 5,1 Tbit/s. Greenland Connect er sæstrengur sem liggur milli Íslands, Grænlands og Kanada og er í eigu Tele Greenland símafélagsins, og er flutningsgeta hans 1,9 Tbit/s..

Uppbygging og þróun sæstrengja, bandvidd þeirra, og vöxtur gagnavera eru að miklu leyti háð hvert öðru. Með aðkomu fyrirtækja eins og gagnavera er líklegt að tenging og bandvidd tenginga Íslands við önnur lönd muni aukast. Slík þróun mun hafa jákvæð áhrif á fyrirtæki í öðrum geirum og laða að fleiri fyrirtæki sem gera kröfur um bandvidd og áreiðanlegar tengingar.

Íslenskir hluthafar Farice eiga 80% hlutafjárins og færeyskir hluthafar 20%. Í desember 2003 stofnuðu þrír stærstu hluthafar íslenska hópsins með sér Eignarhaldsfélagið Farice ehf (sem gengur undir nafninu E-Farice) til að fara með hlut sinn í félaginu.



Hluthafar í E-Farice eru:


HS Orka hf	4,2%
Landsvirkjun	29,5%
Orkuveita Reykjavíkur	16,8%
Íslenska ríkið	29,5%
Skipti hf	13,4%
Og fjarskipti ehf (Vodafone)	11,1%

Hluthafar Farice eru:

E-Farice (Ísland)	79,90%
Fjarski ehf	0,034%
RH-net hf	0,034%
Og fjarskipti ehf (Vodafone)	0,034%
Faroese Telecom (Færeyjar)	19,93%
Vodafone Faroe Islands (Færeyjar)	0,034%
„From 10th September p/f“ (Færeyjar)	0,034%

Farice hf og Eignarhaldsfélagið Farice ehf
Hluthafar og skipting hlutafjár í desember 2009





← DANICE-sæstrengurinn er í eigu E-Farice ehf



79,90%

0,10%



← FARICE-sæstrengurinn er í eigu Farice hf

19. febrúar 2010

Minnisblað vegna frumvarps til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ
Leyfilegur gildistími fjárfestingarsamnings við Verne - Þróun innan framkvæmdastjórnar ESB um leyfilegan hámarkstíma fjárfestingarsamninga

Til: Iðnaðarnefndar

Frá: Ingva Mía Pálssyni, iðnaðarráðuneyti

Heimildir stjórnvalda til að veita byggðaaðstoð takmarkast af hinum almennu meginreglum um ríkisaðstoð sem er að finna í 61. gr. EES samningsins. Nánari efnisreglur um byggðaaðstoð er að finna í leiðbeinandi reglum sem framkvæmdastjórn ESB gefur út og Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) tekur upp. Núgildandi leiðbeinandi reglur um byggðaaðstoð eru frá 6. apríl 2006 (*National Regional Aid 2007-2013*). Hafa þær reglur ekkert breyst frá því þær voru gefnar út og hefur 61. gr. EES samningsins að sama skapi ekkert breyst.

Ekki er í framangreindum reglum sérstaklega kveðið á um til hversu langs tíma fjárfestingarsamningar geti numið. Fyrri fjárfestingarsamningar stjórnvalda hafa verið frá 40 árum til 20 ára. Þannig var fjárfestingarsamningur við ALCOA árið 2003, vegna álvers í Reyðarfirði, til 40 ára. Fjárfestingarsamningur við Norðurál, vegna stækkunar álvers á Grundartanga árið 2003, var til 20 ára frá því starfsemi hefst. Fjárfestingarsamningur við Norðurál árið 2009, vegna álvers í Helgúvik, var til 20 ára frá undirritun samningsins.

Þann 22. desember 2009 var ESA tilkynnt um frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ, og drög að fjárfestingarsamningi. Í þeim samskiptum sem átt hafa sér stað milli stjórnvalda og ESA, í kjölfar tilkynningarinnar, hefur skýrt komið fram sú afdráttarlaus skoðun ESA að stofnunin geti ekki heimilað fjárfestingarsamning til 20 ára, þar sem af samkeppnisástandum sé það of langt tímabil. Þrátt fyrir fyrri sambærilegar afgreiðslur ESA á fjárfestingarsamningum til 20 ára þá sé framkvæmdastjórn ESB mótfallin því að gerðir séu fjárfestingarsamningar með skattalegum ívilnunum til slíks langs tíma. Á síðustu árum hafi sú afstaða smátt og smátt komið fram í ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar, þrátt fyrir að engar efnislegar breytingar hafi átt sér stað í regluverkinu (sbr. framangreint).

Þessi þróun innan framkvæmdastjórnar ESB er í samræmi við almenna stefnumörkun framkvæmastjórnarinnar um að draga úr ríkisaðstoð og gera hana hnitmiðaðri. Æskilegt sé t.d. að ríkisaðstoð til fjárfestingarverkefna falli til, að sem mestu leyti, á upphafsskrefum verkefnis (*one time – last time*) en í framhaldi af því verði fjárfestingarverkefnið að reka sig á eigin forsendum. Því sé æskilegra, út frá samkeppnislegum sjónarmiðum, að fjárfestingarsamningar séu gerðir til skamms tíma og 20 ár séu, í dag, almennt talinn vera of langur tími. Að mati framkvæmdastjórnar ESB hafa slíkir langtímasamningar með sér það yfirbragð að vera rekstraraðstoð en ekki fjárfestingaraðstoð, og mun strangari kröfur eru gerðar til rekstraraðstoðar af samkeppnislegum ástandum (niðurgreiðsla á daglegum rekstrarkostnaði en ekki beinn hvati til nýfjárfestingar). Nýleg fordæmi ákvarðana framkvæmdastjórnar ESB sýna að framkvæmdastjórnin heimilar fjárfestingarsamninga á bilinu 10 til 20 ár.

Sem stendur er ESA að ræða þetta atriði nánar með framkvæmdastjórn ESB en hefur gefið til kynna að það samningstímabil sem ESA geti fallist á, með vísan til fordæma frá framkvæmdastjórninni, sé á bilinu 10 til 17 ár. Bíða stjórnvöld því sem stendur eftir tillögu ESA um til hversu langs tíma, innan framangreinds bils, fjárfestingarsamningurinn geti náð án þess að

hætta sé af of mikilli samkeppnissöskun. Ekki liggur fyrir hvenær endanleg niðurstaða ESA fæst til þessa atriðis en áætla má að það gæti orðið í síðari hluta mars eða apríl.

Breytingartillaga vegna frumvarps til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ.

1. brtt.

Í stað orðsins „skemur“ í 2. másl. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins kemur: lengur.

Athugasemd við breytingartillögu

Með breytingartillögunni er lagt til að ákvæði frumvarpsins um gildistíma fjárfestingarsamnings stjórnvalda við Verne verði á þá leið að samningurinn skuli gilda eigi lengur en til 20 ára frá undirritun samningsins. Eins og frumvarpið er núna er gert ráð fyrir að samningurinn skuli gilda eigi skemur en í 20 ár frá undirritun hans.

Ástæðu þessarar breytingartillögu má rekja til óformlegra athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) um drög að fjárfestingarsamningnum. Í samræmi við málsmeðferðarreglur ESA um ríkisaðstoð var ESA, með bréfi dags. 22. desember 2009, send tilkynning um framkomið frumvarp og drög að fjárfestingarsamningi. Í þeim samskiptum sem átt hafa sér stað milli stjórnvalda og ESA, í kjölfar tilkynningarinnar (m.a. á fundi þann 18. janúar 2010), hefur skýrt komið fram sú afdráttarlaus skoðun ESA að stofnunin geti ekki heimilað fjárfestingarsamning til 20 ára, þar sem af samkeppnisástæðum sé það of langt tímabil. Þrátt fyrir fyrri sambærilegar afgreiðslur ESA á fjárfestingarsamningum til 20 ára (sbr. álver í Helguvík og í Hvalfirði) þá sé framkvæmdastjórn ESB móttfallin því að gerðir séu fjárfestingarsamningar með skattalegum ívilnunum til slíks langs tíma. Á síðustu árum hafi sú afstaða smátt og smátt komið fram í ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar. Slíkir langtímasamningar hafi með sér það yfirbragð að vera rekstraraðstoð en ekki fjárfestingaraðstoð, og mun strangari kröfur eru gerðar til rekstraraðstoðar af samkeppnislegum ástæðum (niðurgreiðsla á daglegum rekstrarkostnaði en ekki beinn hvati til nýfjárfestingar). Sem stendur er ESA að ræða þetta atriði nánar með framkvæmdastjórn ESB en hefur gefið til kynna að það samningstímabil sem ESA geti fallist á, með vísan til fordæma frá framkvæmdastjórninni, sé á bilinu 10 til 17 ár. Bíða stjórnvöld því sem stendur eftir tillögu ESA um til hversu langs tíma, innan framangreinds bills, fjárfestingarsamningurinn geti náð án þess að hætta sé af of mikilli samkeppnisröskun. Ekki liggur fyrir hvenær endanleg niðurstaða ESA fæst til þessa atriðis en áætla má að það gæti orðið í síðari hluta mars eða apríl.

Með vísan til framangreinds er lagt til að viðkomandi ákvæði í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins, sem setur ramma utan um gildistíma fjárfestingarsamningsins, verði breytt á þann hátt að ekki þurfi að breyta lögunum komist ESA að þeirri niðurstöðu að leyfilegur gildistími samningsins sé einhversstaðar á bilinu 10 til 17 ára. Með breytingartillögunni er því efnislega kveðið á um til hversu langs tíma, að hámarki, sé heimilt að gera fjárfestingarsamning á grundvelli heimildarlaganna. Þannig er ekki fest niður að samningurinn skuli vera til 20 ára heldur það eingöngu sett fram sem hámark. Í sjálfum samningnum er nákvæmlega tilgreint til hversu langs tíma hann er, frá undirritun, og getur sá tími þannig ekki verið lengri en til 20 ára. Að öðru leyti hefur ákvæðið ekki efnisleg áhrif á fjárfestingarsamninginn eða aðra þætti frumvarpsins. Hin áætlaða ríkisaðstoðarfjárhæð (0,74% af fjárfestingarkostnaði) lækkar þó eitthvað þar sem hún er reiknuð út miðað við 20 ára samning.

Alþingi

v/Austurvöll

Iðnaðarnefnd

Skúli Helgason formaður

4. febrúar 2010

IMP

Efni: Svar við athugasemd Skipta hf. við frumvarp til laga um að veita iðnaðarráðherra heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ.

Í erindi Skipta hf., dags. 15. janúar 2010, kemur fram að frumvarpið geti „leitt til röskunar á samkeppnisstöðu fyrirtækja sem starfa á sömu mörkuðum og félög þau sem frumvarpi þessu er ætlað að gilda um og einnig fyrirtækja sem starfa á afleiddum og tengdum mörkuðum.“ Frumvarpið feli í sér „sértækar aðgerðir í þágu eins aðila“ og „slíkar sértækar ráðstafanir fela í sér verulega hættu á röskun á samkeppni á samkeppnismörkuðum, svo sem fjarskiptamarkaði og upplýsingatæknimarkaði og fleiri mörkuðum“. Þannig telji Skipti hf. að ívilnanir þær sem í frumvarpinu felast feli í sér „mikla hættu á að röskun verði á afleiddum mörkuðum þar sem félögin og þau fyrirtæki sem leigja munu hjá þeim njóta þess að félaginu hafi verið ívilnað umfram önnur fyrirtæki sem starfa á sömu mörkuðum og þeir aðilar“. Sem dæmi megi „nefna að ef fyrirtæki sem leigja aðstöðu hjá þessum aðilum fara í samkeppni við önnur fyrirtæki á innlendum markaði þá munu þau óbeint njóta þess ríkisstuðnings sem frumvarpið felur í sér.“

1. Ríkisaðstoð

Sem svar við erindi Skipta hf. bendir ráðuneytið á að skýrt er tekið fram í greinargerð með frumvarpi til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ, að í þeim frávikum frá almennum lögum sem koma fram í frumvarpinu, og drögum að fjárfestingarsamningi, felst ákveðin ríkisaðstoð til þeirra aðila sem reisa og reka viðkomandi gagnaver í Reykjanesbæ (þ.e. Verne Holdings ehf, Verne Real Estate ehf. og íslensk dótturfélög í meirihlutaeigu þeirra) enda sé starfsemi þeirra í beinum tengslum við verkefnið. Sama kemur fram í drögum að fjárfestingarsamningi.

Slík ríkisaðstoð felur, eðli máls samkvæmt, í sér sértæka aðgerð í þágu þess aðila sem hennar nýtur, sbr. 1. mgr. 61. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðið. Eðli máls samkvæmt er slík ríkisaðstoð þar af leiðandi líkleg til að hafa í för með sér einhverja röskun á samkeppni á tilteknum markaði. Af þeim sökum ber íslenskum stjórnvöldum að tilkynna um fyrirhugaða veitingu slíkrar ríkisaðstoðar til

Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og fá hana samþykkt áður en hún er veitt. Jafnframt ber íslenskum stjórnvöldum að meta hver ríkisaðstoðin er, sem hlutfall af heildarfjárfestingarkostnaði, þannig að unnt verði að meta röskun á samkeppni af hennar völdum. Sú ríkisaðstoð sem felst í umræddum drögum að fjárfestingarsamningi hefur verið áætluð 5,4 milljón bandaríkjadóllarar en heildarfjárfestingarkostnaður vegna verkefnisins er áætlaður 726 milljón bandaríkjadóllarar. Ríkisaðstoðin er því 0,74% af heildarfjárfestingarkostnaði.

Þar sem um ríkisaðstoð er að ræða skv. 1. mgr. 61. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðið þurfa að vera fyrir hendi réttlætningarástæður fyrir henni á grundvelli 2. eða 3. mgr. 61. gr. samningsins til þess að ESA geti heimilað veitingu hennar. Umrætt frumvarp til laga og drög að fjárfestingarsamningi hafa með formlegum hætti verið tilkynnt til ESA á þeim grunni að um réttlætanagerlega byggðaaðstoð (*regional aid*) sé að ræða (sbr. c-liður 3. mgr. 61. gr.). Á grundvelli s.k. byggðakorts (*regional aid map*) sem ESA hefur samþykkt fyrir Ísland hafa íslensk stjórnvöld heimild til að veita byggðaaðstoð í landsbyggðarkjördæmunum þremur og getur slík aðstoð numið allt að 15% af heildarfjárfestingarkostnaði (fyrir stærri verkefni er talan þó lægri og í tilfalli gagnavers Verne hefur hún verið reiknuð 6,34%). Það er síðan í höndum ESA að vega og meta neikvæða og jákvæða þætti ríkisaðstoðarinnar. Hinir neikvæðu þættir er að hún er sértæk og leiðir hugsanlega til einherrar röskunar á samkeppni á tilteknum markaði. Hinir jákvæðu þættir eru áhrifin á það svæði þar sem framkvæmdin er, sbr. t.d. ný störf þar sem atvinnuleysi er mikið, sem og önnur jákvæði áhrif bæði á samfélag og efnahagslíf. Í þessu mati verða hinir jákvæðu þættir að vera ríkari en hinir neikvæðu til þess að ESA samþykki hina tilkynntu ríkisaðstoð.

Í fyrri fjárfestingarsamningum vegna álvera á Íslandi, sem tilkynntir hafa verið ESA og samþykktir, hefur ESA komist að þeirri niðurstöðu að hinir jákvæðu þættir viðkomandi framkvæmda séu töluvert ríkari en hinir neikvæðu þættir (í öllum tilvikum byggðaaðstoð). Í þeim málum hefur ríkisaðstoðin verið talsvert meiri en í því máli sem hér um ræðir (2-3% á móti 0,74%).

Varðandi skilgreiningu á markaði þá hefur í öllum fyrri sambærilegum málum ESA eingöngu litið svo á að það sé sá aðili sem reisir og rekur viðkomandi verkmiðju sem nýtur aðstoðarinnar, þ.e. að hún smiti ekki yfir til aðila sem eiga viðskipti við ríkisaðstoðarþegann. Með öðrum orðum að ríkisaðstoðin leiði ekki til röskunar á afleiddum mörkuðum með því að önnur fyrirtæki muni óbeint njóta viðkomandi ríkisstuðnings.

Að mati iðnaðarráðuneytisins er ekki ástæða til að ætla í þessu máli, fremur en fyrri fjárfestingarsamningum, að hin fyrirhugaða ríkisaðstoð muni leiða til röskunar á afleiddum mörkuðum í gegnum þann aðila sem ríkisaðstoðarinnar nýtur. Það er skýrt tekið fram bæði í frumvarpinu (sbr. greinargerð) og drögum að fjárfestingarsamningi að þær ívilnanir sem þar er kveðið á um geta eingöngu nýst til þess að reisa og reka viðkomandi gagnaver, þ.e. ekki er heimilt að nýta þær til annarrar starfsemi viðkomandi fyrirtækja.

ESA mun leggja mat á hversu mikil röskun er fyrirséð vegna ríkisaðstoðarinnar og vega hana og meta út frá jákvæðum afleiðingum ríkisaðstoðarinnar. Að mati iðnaðarráðuneytisins eru allar forsendur til þess að ætla að það mat verði verkefninu í vil; þ.e. að hinir jákvæðu þættir vegi þyngra en hinir neikvæðu. Í því skyni má benda á að markaðshlutdeild Verne, með fullbúnu gagnaveri 2016, er áætluð 0,5% af heimsmarkaði og 1,5% af Evrópumarkaði. Ríkisaðstoð upp á 0,74% er því ekki líkleg til að hafa teljandi (eða jafnvel mælanleg) áhrif á samkeppni á þessum markaði innan Evrópu (og eins og fram hefur komið hefur ESA ekki hingað til talið ástæðu til að ætla að slík byggðaaðstoð hafi áhrif á

afleiddum mörkuðum). Á hinn bóginn er ljóst að verði verkefnið að veruleika mun það hafa verulega jákvæð samfélags- og hagfræðileg áhrif, sbr. skýrslu KPMG um samfélags- og hagfræðileg áhrif gagnavers á Ásbrú sem birt er sem fylgiskjal IX við umrætt frumvarp.

2. Breytingartillögur

Í breytingartillögum Skipta hf. er lagt til að „sett verði í frumvarpið nýtt ákvæði þess efnis að óheimilt sé að nota þá ívilnun sem felst í þessu frumvarpi til þess að niðurgreiða samkeppnisstarfsemi“.

Að mati ráðuneytisins yrði slík breytingartillaga í raun ákveðin rökleysa þar sem í frumvarpinu felst, sbr. nánar framangreint, ákveðin ríkisaðstoð í formi byggðaaðstoðar til þeirra félaga sem reisa og reka gagnaverið. Starfsemi gagnavera er samkeppnisstarfsemi og er því með frumvarpinu verið að styrkja (hvort sem það er kallað „að niðurgreiða“ eða eitthvað annað) uppbyggingu þessa tiltekna gagnavers. Sem áður segir er það samiburður á neikvæðum og jákvæðum þáttum ríkisaðstoðarinnar sem ræður úrslitum um hvort ESA samþykki hana sem lögmæta / réttlætana ríkisaðstoð. Ívilnunin sem í frumvarpinu felst er því notuð „til þess að niðurgreiða samkeppnisstarfsemi“ í framangreindum skilningi.

Síðari breytingartillaga Skipta hf. snýr að því að taka af allan vafa um að viðkomandi félögum sé óheimilt að starfa á fjarskiptamarkaði og að í tengslum við 11. tölul. 4. gr. frumvarpsins verði bætt við (varðandi undanþágu frá tilteknum gjöldum skv. lögum nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun) „enda er félögunum óheimilt að veita fjarskiptaþjónustu“.

Ráðuneytið bendir á að í 11. tölul. 4. gr. frumvarpsins er tekið fram varðandi þessa undanþágu frá tilteknum gjöldum skv. lögum nr. 69/2003 að „enda telst þjónustan sem félögin veita ekki til þeirrar starfsemi sem fellur undir ákvæði laganna“. Ráðuneytinu er ekki kunnugt um að til standi að viðkomandi félög, sem skilgreind eru í 1. gr. frumvarpsins sem „félögin“, veiti fjarskiptaþjónustu. Ef svo yrði myndi sú starfsemi innan félaganna hvort eð er ekki njóta þeirra ívilnana sem fram koma í frumvarpinu þar sem þær eru afmarkaðar við hið skilgreinda verkefni sem er að reisa og reka gagnaver í Reykjanesbæ (sbr. „verkefnið“ í 1. gr. frumvarpsins). Ef „félögin“ færu að veita fjarskiptaþjónustu myndu þau falla undir lög nr. 69/2003 og þar með myndi undanþágan í 11. tölul. 4. gr. frumvarpsins ekki eiga við um félögin. Að mati ráðuneytisins er síðari breytingartillagan því í raun óþarfi þar sem núverandi ákvæði frumvarpsins tryggja að félögin yrðu ekki undanþegin þessum gjöldum ef þau færu að veita fjarskiptaþjónustu.



Alþingi
Erindi nr. 5 138/ 1040
komudagur 4.2.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10

Reykjavík, 03.02.2010
Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

Efni: **Umsögn um frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ, þskj. 393 - 320. mál**

Að beiðni iðnaðarnefndar Alþingis er hér með lútin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ, þingskjal 393 - 320. mál, lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009 –2010.

Landsvirkjun hefur gert samning við Verne Holdings ehf. um sölu og afhendingu rafmagns til fyrirhugaðs gagnavers fyrirtækisins í Reykjanesbæ. Forsvarsmenn Verne Holdings ehf. hafa upplýst Landsvirkjun um að ein af forsendum fyrir starfsemi og rekstri fyrirhugaðs gagnavers hér á landi sé fullgilding fjárfestingarsamnings á milli ríkisins annars vegar og félagsins og eigenda þess hins vegar, án þess þó að slíkt sé beinlínis skilyrði eða fyrirvari í rafmagnssamningi Landsvirkjunar og Verne Holdings ehf.

Til þess að starfsemi félagsins, þar með talið sala og afhending rafmagns frá Landsvirkjun, geti hafist með eðlilegum hætti leggur Landsvirkjun áherslu á að aflað verði sem fyrst heimildar Alþingis um gerð fjárfestingarsamnings á milli ríkisins og þeirra sem koma að starfsemi Verne Holdings ehf. með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Landsvirkjun gerir að öðru leyti ekki sérstakar athugasemdir við fyrirbyggjandi heimildarlagafrumvarp enda virðist það í stórum dráttum efnislega líkt sambærilegum frumvörpum og heimildarlögum, sem sett hafa verið í þágu orkufreks iðnaðar á Íslandi. Landsvirkjun mælir því með því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllt

Hörður Arnarson
forstjóri



30. janúar 2010

Umsögn vegna fjárfestingasamnings við Verne Holdings vegna gagnavers í Reykjanesbæ.

Landvernd fagnar því að stjórnvöld skuli hvetja til uppbyggingar grænnar atvinnustarfsemi á Íslandi og sýni það í verki með þessum fjárfestingasamningi. Hingað til hafa fjárfestingasamningar á borð við þennan svo til eingöngu verið gerðir við fyrirtæki í þungaiðnaði og það er vissulega jákvætt að aðrar atvinnugreinar fái að njóta svipaðra kjara í samkeppni um orkuna. Slíkt er til þess fallið að efla áhuga fjárfesta á að leggja fé í umhverfisvæna atvinnustarfsemi á Íslandi. Það er einnig ánægjulegt að framkvæmdaraðilar skuli fylgja ströngustu umhverfiskröfum við byggingu verkefnisins og sækjast eftir vottun frá bandarísku byggingarvottuninni LEED.

Það vekur hinsvegar upp spurningar þegar skoðuð er aflþörf gagnaversins, sem verður 140 MW við lok byggingatíma, hvernig Landsvirkjun, sem við hefur verið gerður samningur um orkukaup, ætlar að uppfylla hana. Samkvæmt því sem að Landsvirkjun hefur lýst yfir eru u.þ.b. 50 MW laus í landskerfinu sem myndu nægja fyrir fyrsta áfanga gagnaversins. Þeim hefur að vísu verið lofað Norðuráli samkvæmt talsmanni þeirra. Hvaðan á orkan að koma? Orku Búðarhálsvirkjunar sem er 80 MW hefur nú þegar verið ráðstafað til RIO TINTO í Straumsvík fyrir stækkun álversins. Á orkan að koma úr virkjunum í neðri Þjórsá?

Hvernig samræmist síðan fjárfestingasamningur um gagnaverið fjárfestingarsamningi sem stjórnvöld gerðu við Norðurál um álverksmiðju í Reykjanesbæ? Þar verður aflþörfin allt að 625 MW. Samanlögð aflþörf gagnaversins og álversins er því 765 MW. Ekki hefur verið sýnt fram á með nægjanlegum rökum að þetta rafafli sé að finna án þess að fara inn á friðlýst svæði eða að vinna jarðhita með ósjálfbærum hætti. Eru stjórnvöld tilbúin að leggja friðlýst svæði undir? Eru stjórnvöld tilbúin að bæta fjárfestum skaðann ef engin fæst orkan?

Landvernd telur að stjórnvöld verði að marka sér skýra stefnu hvernig þau vilja byggja upp atvinnulíf á Íslandi án þess að valda alvarlegum spjöllum á náttúru landsins. Nýting orkuauðlinda þarf ekki að fela í sér stórkostleg náttúruspjöll. Vanda þarf til verka, bæði hvað varðar val á verkefnum sem og stjórnsýslu og átta sig á heildaráhrifum áður en lagt er af stað. Það hefði samrýmst slíkri stefnu að orka til gagnaversins hefði komið frá þeim virkjunum sem nú þegar eru til staðar á Reykjanesi og Svartsengi. Það hefði líka aukið á vægi Suðurnesja sem atvinnusvæðis sem byggði á sjálfbærni og grænni atvinnusköpun.

Það er ljóst að uppbygging grænnar atvinnustarfsemi á Suðurnesjum hefur gríðarlega möguleika vegna nálægðar við öflugan sjávarútveg, einstaka strandlengju, orkulindir, hreina náttúru og hinar einstöku jarðmyndanir á Reykjaneseskaga. Uppbygging Bláa Lónsins sem náttúruperlu og heilsuseturs hefur t.a.m. vakið athygli um allan heim.

Hvalaskoðunarferðir og menningartengd ferðaþjónusta er einnig farin að festa sig í sessi. Ummyndun hernaðarmannvirkja Bandaríkjamanna á Miðnesheiði í háskólasamfélag, heilsutengda þjónustu, kvikmyndastúdíó og gagnaver eru líka dæmi um hvernig breyta má á skömmum tíma atvinnulífi til hins betra. Það má heldur ekki gleyma því að Suðurnes myndu leika stórt hlutverk í hugmyndum Landverndar um eldfjallagarð á Reykjanesskaga. Þannig að möguleikarnir eru miklir.

Fjárfestingasamningur stjórnvalda vegna gagnavers er að mati Landverndar ánægjulegur en ítrekað er að stjórnvöld og framkvæmdaaðilar verða að gera almenningi grein fyrir hvaðan orkan á að koma? Það er skýlaus krafa almennings að ekki sé rasað um ráð fram í framkvæmdum tengdum orkulindum landsins.



Lárus Vilhjálmsson
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1055
komudagur 1.2.2010

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. janúar 2010
2010010027/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga, samningar um gagnaver í Reykjanesbæ


Vísað er til tölvupósts frá iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 19. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands á frumvarpi til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ, 320. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við framangreint frumvarp þar sem að efni þess fellur ekki innan verksviðs stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson



frá nefnd um erl. fjárfestingu.

Alþingi

Erindi nr. P 138/1085

komudagur 19.2.2010

Hlutverk þingskjörinnar nefndar um erlenda fjárfestingu.

Hlutverk nefndarinnar er þrjúþætt skv. lögum nr. 34/1991, sbr. 12. gr. laganna.

I. Nefndinni er ætlað að fylgjast með að ákvæðum 4. gr. sé framfylgt, sbr. 5. gr. Meginreglan er sú að erlendum aðilum er heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri á Íslandi (kemur fram í 3. gr. laganna).

Í 4. gr. er að finna **takmarkanir** á erlendri fjárfestingu sem lúta að:

1. Fjárfestingum í fiskveiðum í efnahagslögsögunni og fiskvinnslu sjávarafurða.
2. Fjárfestingu aðila utan EES-svæðisins í virkjunarréttindum vatnsfalla og jarðhita annarra en til heimilisnota.
3. Fjárfestingu aðila utan EES-svæðisins í atvinnufyrirtækjum sem stunda flugrekstur.
4. Fjárfestingu erlends ríkis, sveitarfélags eða annars erlends stjórnvalds.

Í 5. gr. laganna er lögð skylda á stjórnendur fiskveiðifyrirtækja og fiskvinnslufyrirtækja og stjórnendur innlendra lögaðila sem eiga hlut í slíkum fyrirtækjum að tilkynna brot á ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. (Ráðherra getur að eigin frumkvæði óskað eftir slíkum upplýsingum ef grunsemdir eru um brot gegn ákvæði þessu.)

- Ráðuneytið skal þá afla upplýsinga um hverjir eigendur hlutaðeigandi lögaðila eru, atkvæðamagn o.fl. Upplýsingar skulu sendar ráðuneytinu innan *þjögurra vikna*.
- Ráðuneytið sendir gögn um hlutaðeigandi lögaðila til nefndar um erlenda fjárfestingu, sem metur hvort gengið sé gegn 1. tölul. 1. mgr. 4. gr.
- Álit nefndarinnar skal sent viðskiptaráðherra innan *þjögurra vikna* frá því mál barst nefndinni.

Í 5. gr. er nánar gerð grein þeim ráðstöfunum sem gera skal telji nefndin að fjárfesting gangi gegn 1. tölul. 1. mgr. 4. gr.

II. Nefndin skal vera ráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar skv. 4. tölul. 1. mgr. 4. gr.

- Í 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. er gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra geti veitt erlendum ríkjum, sveitarfélögum eða öðrum erlendum stjórnvöldum sérstakt leyfi til fjárfestinga hérlendis.

III. Ráðherra leitar álits nefndarinnar áður en hann stöðvar fjárfestingu af öryggisástæðum, sbr. 2. mgr. 12. gr.

Telji viðskiptaráðherra að tiltekin erlend fjárfesting ógni öryggi landsins eða gangi gegn allsherjarreglu, almannaoöryggi eða almannaeilbrigði eða ef upp koma alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum, sem líklegt er að verði viðvarandi, getur hann stöðvað slíka fjárfestingu enda kunngjöri hann ákvörðun sína innan átta vikna frá því að honum berst tilkynning um hlutaðeigandi fjárfestingu, sbr. 7. gr.

- Áður en ráðherra tekur slíka ákvörðun skal hann leita álits nefndar um erlenda fjárfestingu.

*Alþingi
Erindi nr. P 138/1048
komudagur 1.2.2010*

Umsögn Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands um;

Frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur sent Nýsköpunarmiðstöð Íslands til umsagnar frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ.

Nýsköpunarmiðstöð hefur kynnt sér efni frumvarpsins og telur að frá hendi miðstöðvarinnar sé ekki tilefni til sérstakra athugasemda við frumvarpið. Þó er ástæða til að fagna framtakinu í ljósi þeirrar atvinnusköpunar sem samningurinn mun leiða til á Reykjanesi.

Kveðja
Berglind

Berglind Hallgrímsdóttir
framkvæmdastjóri

Impra - Frumkvöðlar og sprotar
Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 138/980
komudagur 22.1.2010



ORKUSTOFNUN

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
<http://www.os.is>

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. janúar 2010
Tilvísun: 2010010040
Bréfalykill: 50.11

Efni: Frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ, 320. mál.

Vísað er til erindis iðnaðarnefndar Alþingis þar sem Orkustofnun er sent til umsagnar frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ, 320. mál.

Orkustofnun gerir ekki athugasemdir við framangreint frumvarp.

Virðingarfyllst

Valborg Steingrimsdóttir
Valborg Steingrimsdóttir
lögfræðingur

Alþingi
Erindi nr. P 138/981
komudagur 22.1.2010



Iðnaðarnefnd Alþingis
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20.1.2010

Efni: Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ, Þskj. 393—320. mál.

Orkuveitu Reykjavíkur hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Samkvæmt frumvarpinu er iðnaðarráðherra veitt heimild til að gera samning fyrir hönd ríkisstjórnarinnar við ákveðin félög, sem munu reisa og reka gagnaver í Reykjanesbæ.

Samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu hyggjast félögin taka forustu í uppbyggingu gagnaveraiðnaðar á Íslandi sem sé nýr, sjálfbær, vaxandi og grænn iðnaður. Hann skapi varanleg störf fyrir faglært fólk og verkafólk í byggingariðnaði, auki skatttekjur, hafi í för með sér umtalsverða erlenda fjárfestingu og nýti grunngerð landsins á sviði orku og fjarskipta á ábyrgan hátt gagnvart umhverfinu.

Á árinu 2007 beitti þáverandi ríkisstjórn sér fyrir því að lagður yrði nýr sæstrengur milli Íslands og meginlands Evrópu. Sérstaklega var óskað eftir aðkomu orkufyrirtækja að verkefninu, þar sem með nýjum sæstreng væri tryggð flutningsgeta fyrir gögn, sem gerði það að verkum að hægt væri að koma upp svokölluðum netþjónabúum hérlendis, en slík fyrirtæki nota mikla raforku, auk þess að þurfa tryggar gagnaflutningsleiðir. Orkufyrirtækin lögðu inn hlutafé í fyrirtækið e-Farice ehf. fyrir 1500 milljónir króna, en þar af er hlutur Orkuveitu Reykjavíkur 500 milljónir. Sæstrengurinn hefur þegar verið lagður, en tekjur vegna flutnings um hann eru óverulegar.

Orkuveita Reykjavíkur tekur ekki afstöðu til einstakra efnisatriða í frumvarpinu en fagnar aðgerðum sem ætlað er að laða erlenda fjárfestingu og stuðla að framkvæmdum og uppbyggingu hérlendis, sem og nýtingu þeirra fjárfestinga sem þegar hefur verið ráðist í, eins og lýst er hér að framan.

Virðingarfyllst,

Elín Smáradóttir, hdl.



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 138/978
komudagur 22.1.2010

Reykjanesbæ,
21. janúar 2010
Tilvísun: 2010010291

Efni: Frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ. Þskj. 393 - 320. mál

Á fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar 21. janúar 2010 var til afgreiðslu erindi Iðnaðarnefndar Alþingis dags. 19. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ.

Eftirfarandi var fært til bókar:

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið og hvetur til þess að málinu verði hraðað eins og kostur er.

Ofangreint tilkynnist hér með

f.h. Reykjanesbæjar

Elisabet Magnúsdóttir
Elisabet Magnúsdóttir
Ritari bæjarstjóra

8.2.2010

Alþingi
Erindi nr. E 138/1041
komudagur 8.2.2010

Iðnaðarnefnd Alþingis

Þrátt fyrir að frestur sé runninn út til að koma umsögnum um frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ (mál 320), var eftirfarandi fært til bókar hjá stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

3. Bréf dags. 16.12.2009 frá Iðnaðarnefnd Alþingis ásamt frumvarpi til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ.
„Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum lýsir yfir stuðningi við frumvarp til laga um gagnaver í Reykjanesbæ. Neikvæð umfjöllun um eignarhald félagsins hefur leitt umræðuna frá kjarna málsins, sem er uppbygging atvinnutækifæra á Suðurnesjum og fyrir landið í heild. Mikilvægt er að unnið sé að verðmætasköpun og öflun nýrra atvinnutækifæra í þeim tilgangi að reisa íslenskt efnahagslíf við eftir þrengingar síðustu ára.“

Þessu er með komið á framfæri.

Bestu kveðjur,

Berglind Kristinsdóttir,
Fjármálastjóri/Atvinnuráðgjafi
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum,



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. P 138/1068
komudagur 12.2.2010

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
v.t. Selma Hafliðadóttir lögfræðingur
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11.02.2010
Tilv.: 1001020

Efni: Frumvarp til laga um að velta lönaðarráðherra heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ.

Samkeppniseftirlitið hefur metið möguleg samkeppnisleg áhrif af frumvarpi til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ, verði það óbreytt að lögum. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að möguleg samkeppnisleg áhrif felist í þeirri ríkisaðstoð sem fram kemur í frumvarpinu. Hvað varðar mat á réttmæti ríkisaðstoðar og möguleg áhrif hennar á samkeppni þá er það mat unnið af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið verður umræddur fjárfestingasamningur við Verne Holdings ehf. og Verne Real Estate ehf. og eigendur þeirra, gerður með fyrirvara um samþykki ESA.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið


Kristján Indriðason



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi
Erindi nr. P 138/979
komudagur 22.1.2010

Nefndasvið Alþingis
b.t. iðnaðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

21. janúar 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnavar í Reykjanesbæ, 320. mál

Með frumvarpinu er lagt til að ríkisstjórn Íslands og iðnaðarráðherra fyrir hennar hönd verði veitt heimild til að semja við tiltekna fjárfesta um gagnaver í Reykjanesbæ í samræmi við ákvæði frumvarpsins.

Samorka styður eindregið að frumvarpið verði samþykkt og mælir jafnframt með hraðri afgreiðslu þess. Erlend fjárfesting hefur sjaldan verið mikilvægari í íslensku atvinnulífi en einmitt um þessar mundir.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/1034
komudagur 27.1.2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík 27.01. 2010

Efni: Frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ, 320. mál.

Samtök atvinnulífsins lýsa yfir stuðningi við efni frumvarpsins og telja að nú sé mikilvægara en nokkru sinni að hvetja til fjárfestinga erlendra sem innlendra í íslensku atvinnulífi.

Í því sambandi er rétt að taka undir ýmislegt af því sem fram kemur í greinargerð og fylgiskjali með frumvarpinu um mikilvægi þess að „Ísland léti í té skatta- og lagalegt umhverfi fyrir gagnaver sem gerði þeim kleift að keppa á árangursríkan hátt við önnur lönd Evrópu og Norður-Ameríku“, að það „er um þessar mundir – sökum efnahagslæðarinnar – talið afar áhættusamt að fjárfesta og stunda viðskipti hér“, að vegna skattahækkana eru fjárfestar „ófúsir að ráðast í langtímaskuldbindingar og framkvæmdir á Íslandi ef veruleg áhætta er fyrir hendi að þessu leyti“ og að nú „álíta erlendir fjárfestar og viðskiptavinir Ísland vera áhættusamt og hugsanlega ótraust ríki sem glímir við ýmis þjóðhagfræðileg vandamál“.

Nauðsynlegt er að stjórnvöld einbeiti sér að því að leysa þau vandamál sem þarna er lýst og skapi hér á landi umhverfi sem ýtir undir traust fjárfesta og annara sem alþjóðleg viðskipti stunda.

Virðingarfyllst,

Pétur Reimarsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1037
komudagur 28.1.2010



Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. janúar 2010

Efni: Frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ, 320. mál.

Samtök iðnaðarins styðja eindregið að frumvarp þetta verði að lögum.

Bygging gagnavers í Reykjanesbæ er mikilvægur þáttur í nauðsynlegri uppbyggingu í atvinnulífinu til skamms og langs tíma. Takist vel til með verkefnið geta áhrif þess orðið umtalsverð og ný atvinnustarfsemi skotið rótum héraendis.

Samtök iðnaðarins hvetja Alþingi til þess að hraða afgreiðslu frumvarpsins eins og kostur er. Því fleiri óvissuþáttum sem rutt er úr vegi nauðsynlegrar uppbyggingar því betra.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Jón Steindór', is written over a horizontal line. The signature is stylized and cursive.

Jón Steindór Valdimarsson
frankyæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/922
komudagur 15.1. 2010

Skipti

Alþingi

v/Austurvöll

Iðnaðarnefnd

Skúli Helgason formaður

Reykjavík, 15. janúar 2010

Varðar: Athugasemd við frumvarp til laga um að veita iðnaðarráðherra heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ.

I. Inngangur

Lagt hefur verið fyrir Alþingi frumvarp til laga um að veita iðnaðarráðherra heimild til samninga við tiltekin félög um gagnaver í Reykjanesbæ.

Frumvarpið hefur ekki verið sent til umsagnar en verði það að lögum er ljóst að það mun hafa áhrif á starfsemi fyrirtækja í landinu. Skipti hf. er móðurfélag Símans hf. og Mílu ehf. og fleiri félaga sem m.a. starfa á fjarskiptamarkaði og upplýsingatæknimarkaði. Að mati Skipta getur frumvarp þetta leitt til röskunar á samkeppnisstöðu fyrirtækja sem starfa á sömu mörkuðum og félög þau sem frumvarpi þessu er ætlað að gilda um og einnig fyrirtækja sem starfa á afleiddum og tengdum mörkuðum.

Í frumvarpinu eru félögin skilgreind sem Verne Holdings ehf. og Verne Real Estate ehf. og íslensk dótturfélög í meirihlutaeign þeirra, núverandi eða síðari, enda sé starfsemin í beinum tengslum við verkefnið.

Í 2. gr. frumvarpsins er verkefnið sem lögin taka til skilgreint svo að það feli í sér að reisa og reka gagnaver í Reykjanesbæ eins og nánar verði kveðið á um í fjárfestingarsamningi sem gerður verði innan ramma laganna milli iðnaðarráðherra, félaganna og eigendanna.

Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að félögin og hluthafar þeirra skuli undanþegin gjaldeyrishöftum. Í

4. gr. frumvarpsins eru félögin undanþegin ýmsum sköttum og gjöldum.

II. Ríkisstuðningur

Með því að tilgreina sérstaklega ákveðinn aðila og aðila þeim tengda felur frumvarpið í sér sértækar aðgerðir í þágu eins aðila. Slíkar sértækar ráðstafanir fela í sér verulega hættu á röskun á samkeppni á samkeppnismörkuðum, svo sem fjarskiptamarkaði og upplýsingatæknimarkaði og fleiri mörkuðum. Þannig telur Skipti að ívilnanir þessar feli í sér mikla hættu á að röskun verði á afleiddum mörkuðum þar sem félögin og þau fyrirtæki sem leigja munu hjá þeim njóta þess að félaginu hafi verið ívilnað umfram önnur fyrirtæki sem starfa á sömu mörkuðum og þeir aðilar. Sem dæmi má nefna að ef fyrirtæki sem

leigja aðstöðu hjá þessum aðilum fara í samkeppni við önnur fyrirtæki á innlendum markaði þá munu þau óbeint njóta þess ríkisstuðnings sem frumvarpið felur í sér.

III. Breytingatillögur

Til þess draga úr líkum á að ákvæði frumvarps þessa, ef að lögum verða, leiði til þess að ríkisstuðningurinn valdi röskun á samkeppnismarkaði er lagt til að sett verði í frumvarpið nýtt ákvæði þess efnis að óheimilt sé að nota þá ívilnun sem felst í þessu frumvarpi til þess að niðurgreiða samkeppnisstarfsemi.

Jafnframt er lagt til 11. tl. 4. gr. frumvarpsins verði skýrar orðaður til að taka af allan vafa um að félögunum sé óheimilt að starfa á fjarskiptamarkaði. Þannig að lagt er til að 11. tl. 4. gr. frumvarpsins verði orðaður svo:


„Félögin skulu undanþegin gjöldum skv. 14. gr. og 14. gr. a laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og hvers kyns núgildandi og síðari gjöldum, *enda er félögunum óheimilt að veita fjarskiptaþjónustu.*“

IV. Lokaorð

Skipti telur mikilvægt að iðnaðarnefnd taki athugasemdir þessar til greina og er til reiðu að fylgja eftir athugasemdum þessum á fundi með nefndinni.

Virðingarfyllst,

F.h. Skipta hf.



Auður Inga Ingvarsdóttir

Forstöðumaður á lögfræðisviði Skipta hf.

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1081
komudagur 19.2.2010

Alþingi - Iðnaðarnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. febrúar 2010
Tilvísun: UST20100100611/þek

Umsögn um frumvarp til laga, gagnaver í Reykjanesbæ, 320. mál

Með tölvubréfi dags. 19. janúar 2010 sendi iðnaðarnefnd Alþingis Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ, 320. mál. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Beðist er velvirðingar á hve dregist hefur að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P /38/1025
komudagur 27.1.2010



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. janúar 2010
Tilvísun: 2010010077/90.12
JSn/BH
Tilv. ykkar: Tölvupóstur 19.01.2010.

Efni: Umsögn um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ, 320. mál.

Með tölvupósti dags. 19. janúar 2010 er óskað eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreint erindi.

Landsnet hefur haft samráð við Vegagerðina um legu helstu flutningsleiða raforku að umræddu gagnaveri í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ.

Virðingarfyllst,

Hreinn Haraldsson,
vegamálastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/10S8
komudagur 1.2.2010



VIÐSKIPTARÁÐ
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
b/t. Brynhildar Pálmarsdóttur
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. febrúar 2010.

Efni: Frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ (320. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að iðnaðarráðherra verði heimilt að gera fjárfestingarsamning f.h. ríkisstjórnarinnar vegna uppbyggingar gagnavers í Reykjanesbæ.

Líkt og kemur fram í greinargerð frumvarpsins þá mun aukin erlend fjárfesting og auknar útflutningstekjur eiga stóran þátt í að stuðla að efnahagslegri endurreisn Íslands. Því fagnar Viðskiptaráð frumvarpi þessu og þeirri viðleitni ráðherra og ráðuneytisins til að leggja lód sín á vogarskálar þessa umfangsmikla verkefnis.

Að mati ráðsins er hins vegar mikilvægt, fyrir frekari vinnu á þessu sviði, að ráðuneytið og iðnaðarnefnd skoði frekar þrjú atriði sem varða með beinum hætti umhverfi erlendra fjárfestingar hérlendis. Í fyrsta lagi þurfa stjórnvöld á næstu misserum að leggja í markvissa vinnu við gerð tvíhliða samninga um gagnkvæma vernd fjárfestinga (e. Bilateral Investment Treaties, BIT's) við helstu viðskiptalönd Íslands. Samningar af þessu tagi ráða miklu um fjárfestingarákvarðanir erlendra aðila, en samningarnarnir fela í sér að fjárfestar hvors ríkis skuli njóta fullrar verndar og öryggis á landsvæði hins ríkisins sem og að ekki verði gripið til neinna óréttmætra aðgerða er varða fjárfestingu þeirra. Því miður er Ísland augljós eftirbátur flestra ríkja þegar kemur að gerð slíkra samninga. Þrátt fyrir að vera eitt af stofnríkjum Alþjóðastofnunarinnar um lausn fjárfestingardeilna (e. International Centre for Settlement of Investment Disputes) árið 1966 hafa aðeins 11 slíkir samningar verið gerðir hérlendis sbr. svör utanríkisráðherra við fyrirspurn á Alþingi (123. þingmál). Þetta setur Ísland í 123. sæti af 174 ríkjum sem gert hafa slíka samninga.

Líkt og kemur fram í svari ráðherra þá hafa nýlegir fríverslunarsamningar, svokallaðir 2. kynslóðar samningar, ákvæði er varða vernd fjárfesta og lausn deilumála. Þau ákvæði ná hins vegar skemur en ákvæði samninga um gagnkvæma vernd fjárfestinga auk þess sem flestir fríverslunarsamningar, við helstu viðskiptalönd Íslands, eru 1. kynslóðar samningar sem kveða lítið sem ekkert á um þetta efni. Það er því full þörf á að leggja í frekari vinnu á þessu sviði, en hvað það varðar þá var tillaga til þingsályktunar þess efnis lögð fram í byrjun nóvember á síðasta ári sem hefur ekki verið tekin til þinglegrar meðferðar.

Í öðru lagi þarf að endurskoða lög um samningsbundna gerðardóma og uppfæra til samræmis við þann lagaramma sem gildir erlendis. Núgildandi lög eru frá 1989 og endurspeglu að litlu leyti þá miklu þróun sem hefur átt sér stað á alþjóðlegum vettvangi á sviði úrslausnar ágreiningsmála. Skilvirk úrlausn ágreinings vegur þungt við mat á vernd fjárfestinga og óbreytt löggjöf mun að mati Viðskiptaráðs ekki hafa jákvæð áhrif á það mat. Vegna þess hefur ráðið undanfarið ár í samstarfi við teymi sérfræðinga hvatt dómsmálaráðuneytið til leggja í endurskoðun laga um samningsbundna gerðardóma, en án árangurs.

Endurskoðun af því tagi varðar ekki einungis frekari vinnu við að laða að erlenda fjárfestingu heldur snertir það frumvarp sem hér er til umsagnar með beinum hætti. Ef lítið er til 8. gr. frumvarpsins, sbr. 20. gr. fjárfestingarsamningsins, er þar opnað fyrir gerðarmeðferð komi til ágreinings milli aðila. En samkvæmt 18. gr. samningsins skulu um hann gilda íslensk lög. Fari því svo að ágreiningur komi upp og annar aðillinn vísar honum til gerðardóms liggur fyrir að grundvöllur gerðarmeðferðar mun byggja á áður nefndum lögum, sem háð eru talsverðum annmörkum.

Í þriðja og síðasta lagi þarf að hraða ferlinu við gerð einstakra fjárfestingarsamninga. Ferli þess samnings sem þetta frumvarp varðar tók 15 mánuði í það heila sem er of langur tími að mati ráðsins. Ljóst er að breyttar efnahagsaðstæður höfðu áhrif þar á, en að þessu verkefni loknu er rétt að skoða hvort almennt sé unnt að hraða ferli af þessu tagi. Ein leið í þeim efnum gæti verið sú að skipa formlegan viðræðuhóp íslenskra stjórnvalda um erlenda fjárfestingu. Hópurinn hefði forræði á ferlinu allt þar til drög að samningi yrðu kynnt ríkisstjórninni til endanlegrar ákvörðunar. Þá væri það jafnframt hlutverk hópsins að útbúa aðgengilegar upplýsingar um ferlið, en slíkar upplýsingar gætu nýst innlendum aðilum til kynningar á fjárfestingarkostum hérlendis t.a.m. Íslandsstofu. Að þessum viðræðuhópi gætu komið fulltrúar iðnaðarráðuneytisins (atvinnuvegaráðuneytisins ef af verður), fjármálaráðuneytisins, toll- og skattfirvalda, Sambands Íslenskra sveitarfélaga og ýmsir sérfræðingar. Auk þess gæti hópurinn starfað með eða óskað umsagnar frá nefnd um erlenda fjárfestingu.

Með fyrirkomulagi af þessu tagi mætti að mati Viðskiptaráðs hraða til muna ferli erlendra fjárfestinga hérlendis ásamt því að samræma upplýsingagjöf og byggja upp og varðveita þekkingu og reynslu á þessum málaflokk innan stjórnsýslunnar.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
aðallögfræðingur Viðskiptaráðs